



Til: hakon.asgeirsson@ust.is
Afrit: ust@ust.is
Efni: Re: Fw: Fjaðrárgljúfur - framlenging á lokun svæðis
Upplýsingar: Sent: 27.03.2018 11:04:57 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030057, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030057

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framlengingu á lokun Fjaðrárgljúfurs fyrir umferð ferðamanna vegna skemmda á landi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og mælir með áframhaldandi lokun svæðisins eins og lagt er til af Umhverfisstofnun í samráði við sveitarfélagið og landeigendur.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 27.03.2018 10:12:04
To: Anna Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Fjaðrárgljúfur - framlenging á lokun svæðis

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 27.03.2018 10:11 -----

From: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
To: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
Date: 26.03.2018 14:00
Subject: Fjaðrárgljúfur - framlenging á lokun svæðis

Góðan dag

Svæðið við Fjaðrárgljúfur var lokað 16. mars sl. Ekki er nægur tími til að fara í framkvæmdir á göngustíg við Fjaðrárgljúfur á tveimur vikum eins og vonir stóðu til. Ljóst er að umfang þeirra

aðgerða sem nauðsynlegt er að fara í til að hægt sé að opna svæðið aftur eru umtalsverðar og einnig er svæðið mjög blautt og viðkvæmt á meðan frost er að fara úr jörðu . Samkvæmt landsáætlun hefur 10 milljónum verið úthlutað í bráðaaðgerðir á svæðinu og hefur stofnunin ráðið fagaðila til að meta til hvaða aðgerðar nauðsynlegt er að grípa til að geta opnað svæðið aftur. Í framhaldi af því verður farið í aðgerðir í að lagfæra göngustíga á svæðinu í samráði við sveitarfélag og landeigendur. Einnig mun umræddur fagaðili gera tillögu að varanlegum lausnum varðandi göngustígagerð á svæðinu .

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að svæðið við Fjaðrárgljúfur verði lokað áfarm í allt að 9 vikur. Ef framkvæmdum verður lokið fyrir þann tíma og svæðið í stakk búið til að taka á móti gestum án þess að hætta sé á frekari skemmdum, verði svæðið opnað fyrr. Ef loka á svæði lengur en tvær vikur þarf staðfestingu ráðherra samkvæmt 25. gr. laga um náttúrvernd nr. 60/2013, en þar segir m.a.; „*Umhverfisstofnun getur í verndarskyni, að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeigenda eða eigin frumkvæði, takmarkað umferð eða lokað svæðinu í óbyggðum ef hætta er á verulegu tjóni af völdum ágangs á svæði. Slíkar ákvarðanir eru háðar staðfestingu ráðherra og skal birta þær með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Stofnunin skal ávallt hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélag, landeigenda og aðra hagsmunaaðila áður en tillaga samkvæmt ákvæði þessu er send til ráðherra.*“ Í viðhengi er uppfærð ástandsúttekt á svæðinu .

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn varðandi framlengingu á umræddri lokun fyrir kl . 10:00 í fyrramálið þriðjudaginn 27. mars svo lokunin getur tekið gildi fyrir föstudaginn 30. mars.

Virðingafylgst
Hákon

Bestu kveðjur, Best regards

Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri, Team leader
Svið náttúru, Department for Nature



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)



- Takmarkanir á umferð við Fjaðrárgljúfur_framl. lokunar.pdf

